

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Húsafell III, Borgarbyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að um 20 ha svæði milli flugbrautar og vegar á jörðinni Húsafelli III breytist úr frístundabyggð (sumarhúsasvæði) í íbúðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*